

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness miðvikudaginn 24. júní 2009 í máli nr. S-402/2009:

### Ákærvaldið

*(Einar Tryggvason ftr.)*

**gegn**

**Alfreð Atlasyni**

*(Helgi Birgisson hrl.)*

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. maí sl., er höfðað af ríkissaksóknara með útgáfu ákæru 22. apríl 2009 gegn Alfreð Atlasyni, kt. [...], [...], „fyrir fjárdrátt í opinberu starfi, með því að hafa misnotað stöðu sína sem fjármálastjóri bæjarsjóðs Garðabæjar og dregið eftirtöldum þremur félögum í sinni eigu eða aðila sér tengdum, samtals kr. 9.221.324, með því að millifæra fé af bankareikningum bæjarsjóðs á bankareikninga félaganna, eins og hér greinir:

1. Þann 27. desember 2007 millifært kr. 378.482 af reikningi 0318-26-00050 inn á reikning einkahlutafélagsins Litfara, kennitala 701298-2689, númer 1163-26-003378.
2. Þann 27. desember 2007 millifært kr. 324.841 af reikningi 0318-26-00050 inn á reikning einkahlutafélagsins Litfara, kennitala 701298-2689, númer 1163-26-003378.
3. Þann 24. janúar 2008 millifært kr. 725.837 af reikningi 0546-26-00001 inn á reikning einkahlutafélagsins Litfara, kennitala 701298-2689, númer 1163-15-200527.
4. Þann 27. maí 2008 millifært kr. 5.924.664 af reikningi 0318-26-00050 inn á reikning einkahlutafélagsins NEF, kennitala 520171-0109, númer 515-26-4479.
5. Þann 25. júlí 2008 millifært kr. 1.867.500 af reikningi 0318-26-00050 inn á reikning sameignarfélagsins Audit, kennitala 441001-3390, númer 1158-26-004410.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 138. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði krefst vægustu refsingar.

Ákærði hefur skýlaust játað að hafa framið þau brot er honum eru gefin að sök og er játning hans studd sakargögnum í öllum atriðum. Sök hans telst því sönnuð og eru brotin rétt færð til refsíákvæðis í ákæru. Málið verður því dæmt samkvæmt 1. mgr. 164. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu. Við ákvörðun refsingar er þess að gæta að ákærði hefur verið sakfelldur fyrir að draga sér umtalsverða fjárhæð. Hann var opinber starfsmaður í skilningi 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og ber að beita refsipýngingarákvæði þeirrar lagagreinar. Á hinn bóginn verður litið til þess að ákærði gerði enga tilraun til að leyna fjárdrættinum. Þá hefur ákærði játað brot sitt hreinskilningslega og lét af starfi vegna þess. Hann endurgreiddi féð að öllu leyti skömmu eftir starfslok. Að öllu framangreindu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi en eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Engan sakarkostnað leiddi af málinu.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð**

Ákærði, Alfreð Atlason, sæti fangelsi í 6 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Gunnar Aðalsteinsson